

til laga um tannlækningar.

Flutningsm.: Jónas Kristjánsson og Halldór Steinsson.

A. Skilyrði fyrir tannlækningaleyfi.

1. gr.

Rjett til að kallast tannlæknir og fara með sjálfstæðar tannlækningar hjer á landi hefir aðeins sá, er fullnægir eftirfarandi skilyrðum:

1. Hefir lokið tannlækningaprófi í tannlæknaskóla, er viðurkendur er af heilbrigðisstjórn ríkisins.
2. Talar og skilur fullkomlega íslenska tungu.
3. Hefir að afloknu prófi (ef námstími skólans er aðeins 3 ár) verið að minsta kosti eitt ár aðstoðarmaður við lækningar hjá viðurkendum tannlækni hjer á landi eða á annan hátt aflað sjer álika þekkingar og reynslu í tannlækningum, að áliti heilbrigðisstjórnar.
4. Hefir óflekkað mannorð.

Sá, er æskir tannlækningaleyfis, skal færa heilbrigðisstjórn sönnur á, að framangreindum skilyrðum sje fullnægt. Einnig skal hann undirrita drengskaparheit, stílað að fyrirmælum heilbrigðisstjórnar, um að gæta fullrar tannlækningaskyldu í starfi sínu.

Sá, er fullnægir fyrsta skilyrðinu, getur haft á hendi aðstoðartannlækningar, og með leyfi landlæknis getur hann um stundarsakir gegnt störfum sjálfstæðra tannlækna í forföllum þeirra.

2. gr.

Peir læknar, sem hafa alment lækningaleyfi, mega ekki kalla sig tannlækna nje starf sitt tannlækningar, þótt þeir stundi tannlækningar, nema þeir hafi annaðhvort lokið tannlækningaprófi eða einhverju slíku sjerprófi, sem talið er gilt af heilbrigðisstjórn.

Stjórnarráðið getur þó fyrst um sinn, með ráði landlæknis, veitt undanþágu frá þessu, ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi.

B. Starfssvið tannlækna.

3. gr.

Starfssvið tannlækna tekur yfir meðferð á allskonar tannsyki, þar með talið allskonar tannfyllingar, tannaútdráttur og brota, tannhreinsun með verkfærum eða lyfjum, lagfæring óreglulegra tanna og tannrjettingar, að brúfesta tennur og tanngarða (crown- and bridgework) o. s. frv., og ennfremur meðferð kvilla í slímhimnu munnsins, tannholdi og kjálkum, er af tannsyki stafa.

Tannlæknum er heimilt að beita allskonar deyfingum á tönnum, tann-

holdi og kjálkum, en svæfing (narcose) skal beitt af lækni, er alment lækninga leyfi hefir, eða af tannlækni að honum viðstöddum.

4. gr.

Öllum öðrum en tannlæknum, eða þeim, er tannlækningaleyfi hafa, er óheimilt að munnetja gervitennur og tanngarða. Þetta nær ekki til lækna, ef þeir sanna fyrir heilbrigðisstjórninni, að þeir hafi aflað sjer nægilegrar þekkingar í þessari grein.

5. gr.

Tannlæknum er heimilt að afla sjer með lyfseðlum allra þeirra lyfja, sem þeir þarfnast við lækningar sínar, og nota þau tæki og hjálparmeðul, er fram koma á hverjum tíma, ef þeir þurfa við starfa sinn.

C. Almenn ákvæði.

6. gr.

Tannlækna lúta eftirliti heilbrigðisstjórnar ríkisins. Skyldir eru þeir til að gefa landlækni skýrslu um, hvar þeir ieka starfa sinn.

7. gr.

Öllum þeim, sem ekki hafa tannlækningaleyfi, er bannað að auglýsa á einn eða annan hátt tannlækningar, munnetningu tanna, deyfingar eða nokkra lyfjanotkun til tannlækninga, eða bjóðast til þess á annan hátt.

8. gr.

Sá, er gerist sekur um brot gegn ákvæðum þessara laga, skal sæta sektum, frá 50—1000 krónum (og hækka sektir við ítrekað brot). Sektir renna í ríkissjóð. Ef mikið kveður að brotum, má það varða refsingu, alt að 6 mánaða einföldu fangelsi, nema heyri undir hin almennu hegningarlög.

Mál út af brotum skal fara með sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Verði tannlæknir sannur að sök og dæmdur til refsingar fyrir athæfi, er svívirðilegt er að almenningsáliti, skal hann sviftur rjetti til þess að kalla sig tannlækni og fara með tannlækningar.

10. gr.

Lög þessi ná ekki til þeirra lækna, sem nú stunda tannlækningar og kalla sig tannlækna, nje heldur til þeirra, sem nú hafa takmarkað tannlækningaleyfi hjer á landi.

11. gr.

Ákvæði gildandi laga, er í bág fara við þessi lög, eru úr gildi numin.

Greinargerð.

Í öðrum menningarlöndum hafa verið sett sjerstök lög um framkvæmd tannlækninga. Slík lög kveða á um það, hvaða skilyrði þeir verða að uppfylla, sem fara með tannlækningar, marka starfssvið tannlækna og ákveða, hvernig eftirlitinu með þeim skuli hagað.

Hjer á landi vantar lög um þessi efni, og virðist nú kominn tími til þess að koma föstu skipulagi á þetta mál. Það sýnist nauðsynlegt að setja ákveðin lagafyrirmæli um það hjer sem annarsstaðar, hverjir megi eða geti framkvæmt tannlæknastörf fyrir fólkið, svo það viti fyrir vist, hverjum má treysta í þessum efnum, og þeir, sem uppfylla skilyrðin, viti, eftir hverju þeim ber að hegða sjer. Það þarf að setja föst ákvæði um það, að þeim einum, sem uppfylla viss kunnáttuskilyrði, sje leyft að fara með þessi störf, svo fólkið sje ekki gint með fúski og fákunnandi lýður geri mönnum skaða. Það er mikil þörf á því fyrir landsfólkið að fá ábyggilega hjálp við tannveikinni, sem stöðugt fer í vöxt, svo að horfir til vandræða með unglínga. Það væri ekki úr vegi, að eitthvað af ungu námsfólki hjer leitaði út á þá braut að menta sig í sjernámi tannlækna í framtíðinni, og því er rjett að setja fastar reglur í tíma um starfið, svo að þeir, sem kosta til slíkrar mentunar, sem er mjög dýr, viti með vissu, að hverju þeir ganga, og komið sje í veg fyrir, að fákunnandi fólk og fúskarar setjist hjer að og villi fólki sýn, því svo gæti farið, að þeim, sem afla sjer fullrar mentunar í starfsgreininni, yrði ekki vært hjer.

Fylgiskjal.

Þetta frumvarp er upprunalega samið af stjórn tannlæknaþjelags Íslands. Þegar það kom til mín, leitaði jeg álights stjórnar læknaþjelags Íslands um málið. Gerðum við, þeir og jeg, nokkrar breytingar á frumvarpinu, og liggur það hjer fyrir með þeim breytingum, enda mæli jeg með frumvarpinu, og sama gerir stjórn læknaþjelags Íslands í brjefi til mín.

Reykjavík, 16. febr. 1928.

G. Björnson,
landlæknir.